

Skipulagsstofnun
Jóhanna Hrund Einarsdóttir
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 4. nóvember 2024
Málsnúmer: 202410-0017
LA

Efni: Efnistaka úr Undirhlíðum. Kynning á matsáætlun.

Við er í erindi frá Skipulagsstofnun, dags. 2. október 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um kynningu á matsáætlun fyrir efnistöku úr Undirhlíðum í landi Hafnarfjarðar. Á árunum 1984-2009 voru unnir um 3-5 milljón m³ af efni úr Undirhlíðum norðan við Bláfjallaveg. Fyrir liggur úrskurður Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum frá 2004 og náman í Undirhlíðum (E1) er í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi er efnistökusvæðið innan marka Reykjanesfólkvangs og fjarsvæðis vatnsverndar, auk þess sem þrjú hverfisverndarsvæði (Hvb18) eru vestan og austan við námuna.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina og í henni kemur fram flest það sem nauðsynlegt er að fjalla um. Stofnunin bendir þó á mikilvægi þess að gerð sé grein fyrir náttúruvá er varðar jarðskjálfta og eldvirkni í eða í nágrenni við Undirhlíðar. Nýleg skýrsla Jarðvísindastofnunar Háskóla Íslands frá 2021 um náttúruvá á framkvæmdasvæði Lyklafellslínu gerir allgóða grein fyrir náttúruvá við Undirhlíðar.

Ekki kemur skýrt fram í matsáætlun hversu mikið efni er áætlað að vinna úr Undirhlíðum en samkvæmt úttekt Alta ráðgjafastofu, frá árinu 2002, er gróflega áætlað að á efnistökusvæðinu sunnan Bláfjallavegar séu um 5-6,5 milljón m³ af föstu efni. Fyrirhuguð efnistaka í Undirhlíðum miðar að mestu við vinnslu í bólstrabergi, en samkvæmt úttekt Alta er það efni nær eingöngu að finna á svæði A (kort 5), næst Bláfjallavegi, ásamt jökulbergi. Þar fyrir sunnan er þykkur jarðvegur, móbergshella og gjallkargi ríkjandi.

Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að tekið sé tillit til úrskurðar Skipulagsstofnunar frá árinu 2004 og gerð sé grein fyrir þeim skilyrðum sem þar eru sett fram varðandi grunnvatn og áætlun um efnistöku.

Náttúrufræðistofnun tekur almennt undir þá skoðun að efnistaka sé á fáum en vel skipulögðum svæðum. Í því sambandi vill stofnunin benda á efnistöku í Háuhnúkum við Vatnsskarð (Vatnsskarðsnáma) sem er í um 3 km fjarlægð suðvestan við Bláfjallaveg. Vatnsskarðsnáma hefur farið stækkandi á síðustu árum og ætti að meta þann kost fyrir efnisþörf þrátt fyrir að náman sé innan sveitarfélagsmarka Grindavíkurbæjar og hlífa þannig Undirhlíðum sunnan við Bláfjallaveg við frekara raski.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við matsáætlunina.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur

